



# NAUSTASKÓLI

*Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!*

## Starfsáætlun 2019-2020

4. og 5. bekkur

Gréta Halldórsdóttir

Kristín Sigurðardóttir

Þóra Ýr Sveinsdóttir

Kristín M. Gísladóttir

Aníta Jónsdóttir/Berglind Bergvinsdóttir

**Efnisyfirlit**

Efnisyfirlit.....	2
Námsumhverfi og skipulag 4. og 5. bekkjar .....	3
Námsgreinar .....	3
Stærðfræði .....	3
Íslenska/lestur .....	4
Enska.....	4
Upplýsingatækni / áhugasvið .....	4
Jákvæður agi.....	4
Þema.....	4
Foreldrasamstarf .....	5
Teymisvinna.....	5

## Námsumhverfi og skipulag 4. og 5. bekkjar

Umsjónarhóparnir eru fjórir og skiptast nokkurn vegin jafnt á milli umsjónarkennara. Tveir umsjónarkennarar kenna 4.bekk og tveir kenna 5.bekk. Hverjum bekk er kennt sér í öllum greinum fyrir utan samkennslu árganganna í tengslum við þemu og smiðjur, sem er tvisvar sinnum í viku. Einn stoðkennari og tveir stuðningsfulltrúar eru einnig í teyminu.

Unnið verður í stærðfræði a.m.k fjóra daga vikunnar þar sem ýmist er unnið eftir áætlun eða innlögnum og öðrum verkefnum. Í ensku er nemendum skipt í nokkra þarfaskipta hópa. Einnig verður enskukennsla í hringekju þar sem fjölbreytt verkefni verða unnin. Samfélagsfræði, íslenska og náttúrufræði flettast saman í þemakennslu. Þemað er að hluta til unnið í samkennslu og einnig í aldursskiptum hópum. Í íslensku vinna nemendur samkvæmt ársáætlun.

Í vetur verða bekkjarfundir tvisvar í viku þar sem spjallað verður um líðandi stundir og farið yfir verkefni jákvæðs aga ásamt því að leysa ýmis mál sem upp koma.

Upplýsingatækni verður nýtt í öllum námsgreinum sem gefur aukið svigrúm til að einstaklingsmiða verkefni auk þess sem nemendur læra að nýta sér tölvur í námi og styrkir það sjálfstæði þeirra í náminu. Áhersla verður lögð á að auka sjálfstæði nemenda í námi og kynna þeim mismunandi námstækni. Við viljum búa nemendum gott námsumhverfi og gera þá meðvitaða um hlutdeild þeirra í að gera gott námsumhverfi enn betra. Eins að nemendur hafi val um að vinna við mismunandi námsaðstæður sem henta hverju sinni.

Námsmarkmið verða sýnileg nemendum, markmið rædd í upphafi lotu/þema og þeim haldið á lofti í kennslunni. Kennarar munu nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og nálgast viðfangsefni með mismunandi hætti.

## Námsgreinar

Í öllum námsgreinum er unnið út frá markmiðum Naustaskóla sem unnin eru út frá markmiðum Aðalnámskrár.

### Stærðfræði

Í stærðfræði er unnið í lotum, í upphafi hvernar lotu eru innlagnir sem og þegar ný færni er tekin fyrir í námsefninu. Lagt er upp með að nemendur vinna að samskonar efnispáttum en í sumum tilvikum á mismunandi stigi. Í lok hvernar lotu er lögð fyrir könnun og merkja kennarar við markmið hvers nemanda og færa þær upplýsingar inn í Mentor sem sýnileg eru foreldrum í hæfnikorti nemenda.

**Íslenska/lestur**

Í íslensku er unnið í fjölbreyttum hópum. Allt eftir viðfangsefni og þörfum nemenda til að ná sínum markmiðum. Íslenskukennsla er að stórum hluta samþætt við þemu.

Leitast er eftir því að búa nemendum lestrarvænt umhverfi og nýta fjölbreytta textagerðir í tengslum viðfangsefni hverju sinni. Gefið er rúm fyrir yndislestur a.m.k. fjóra daga vikunnar þar sem nemendur velja sér lesefni. Kennarar aðstoða við val á lesefni eftir þörfum hvers og eins. Nemendur þjálfast í upplestri og framsögn sem nær hápunkti þegar 4. bekkur tekur þátt í „Litlu upplestrarkeppninni“ sem haldin verður hér í skólanum á vordögum.

**Enska**

Enska er kennd í árgangskiptum hópum sem síðan er skipt í aðra þarfaskipta hópa eftir viðfangsefnum. Áhersla er lögð á að kenna grunnorðaforða daglegs lífs, tjáningu og hlustun á fjölbreyttan hátt.

**Upplýsingatækni / áhugasvið**

Upplýsingatækni er samþætt við þemavinnu nemenda þar sem þeir fá tækifæri til að spreyta sig á vinnu í tölvu. Áhersla er lögð á að kynna nemendum Google umhverfið og viðbætur. Einnig er farið í fingrafimi ásamt því að nota leitarvél og annan fróðleik tengdan vinnu þeirra. Verkefni verða sett inn á Google Classroom þar sem nemendur æfast í að skrifa margvíslegan texta, vinna ýmsar gagnvirkar æfingar og jafnvel taka kannanir.

**Jákvæður agi**

Í vetur verða bekkjarfundir tvisvar í viku þar sem unnið verður eftir áætlun jákvæðs aga. Spjallað verður um líðandi stundir ásamt því að vinna með verkfæri jákvæðs aga og leysa vandamál sem koma upp. Með þessu myndast tækifæri fyrir kennara og nemendur til að eiga gott spjall um nám og líðan.

**Þema**

Tekin verða fyrir nokkur þemu í vetur sem unnin eru á móti smiðjutímum. Þá er er helmingur nemenda í þemavinnu hverju sinni bæði í 4. og 5. bekk. Þemakennsla fer ýmist fram í aldursskiptum hópum eða í samkennslu beggja árganga. Unnið verður með eftirfarandi þemu og í eftirfarandi röð:

- Endurvinnsla

- Goðafraeði
- Jól og hátíðir
- Plánetur
- Árshátíð
- Veður og náttúra

### Foreldrasamstarf

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum yfir veturinn, í október og janúar. Einnig verður kynningarfundur í september þar sem farið verður yfir áhersluþætti vetrarins. Vikulega sendum við foreldrum/forráðamönnum upplýsingar um starfið, bæði í gegnum tölvupóst og inn á facebook-upplýsingasíðu hópsins. Hvað varðar heimanám er áhersla lögð á að foreldrar aðstoði nemendur við að sinna heimalestri. Í einstaka tilvikum munu nemendur taka námsefni með sér heim ýmist þegar vinnusemi í skólanum er ábótavant eða talin er þörf á vegna annarra ástæðna.

### Teymisvinna

Kennarateymi vetrarins er skipað fjórum umsjónarkennurum, einum stoðkennara og tveimur stuðningsfulltrúum. Unnið er út frá eftirtöldum markmiðum fyrir teymiskennslu samkvæmt stefnu skólans, en þau eru:

- markvissir bekkjarfundir tvisvar í viku
- hlutverkaleikir og leikir notaðir á bekkjarfundum og í allri kennslu
- nemendaviðtöl tvisvar á skólaári
- stundvísi nemenda og starfsmanna og tíminn í skólanum nýttur vel
- skólasáttmálinn kynntur og haldið á lofti í vetur
- nemendur og starfsfólk temji sér snyrtilega umgengni sama hvar þau eru stödd
- viðmið um hegðun séu skýr og farið sé eftir þeim, starfsfólk sé samstíga í vinnu sinni
- nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
- reyna að tengja áhugasvið nemenda við nám þeirra
- nemendur séu meðvitir um þau markmið sem verið er að vinna að hverju sinni

Teymið setur sér eftirfarandi markmið í vetur:

- eiga gott samstarf innbyggðis og við nemendur.
- vera góða fyrirmyndir og hafa samvinnu og jákvæð samskipti sýnileg.
- vera jákvæð, hvetjandi, hjálpsöm og lausnamiðuð.

- efla okkur í tímastjórnun og skipulagi

Teymið fundar með stjórnanda á mánudögum ásamt því að hafa skipulags- og samráðsfundi á miðvikudögum. Kennarafundir / nefndarstörf eru annan hvern þriðjudag og annan hvern föstudag eru starfsmannafundir.

Lögð er áhersla á að eiga góð samskipti við alla starfsmenn skólans. Einnig verða reglulegir samráðsfundir milli teyma í skólanum. Á þessum fundum munum við ræða málefni líðandi stundar og samstarfsverkefni.